# Sigurveig Guðmundsdóttir, um stöðu kvenna innan Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætisráðherra – Jafnrétti kynjanna – Sigurveig Guðmundsdóttir – Hafnarfjörður – Bæjarstjórn Hafnarfjarðar – Elín Jósefsdóttir – Stefán Jónsson – Matthías Á. Matthiesen – Jakobína Matthiesen – Árni Grétar Finnsson – Helga Guðmundsson – Vorboði, kvenfélag Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði

## *Tekið af vef Borgarskjalasafnsins*

bjarnibenediktsson.is

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmálamaðurinn***

Askja 2-32, Örk 6

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Til Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra
og formanns Sjálfstæðisflokksins á Íslandi.

Háttvirti herra.

Þetta bréf er skrifað af Sjálfstæðiskonu í Hafnarfirði og fjallar um stöðu kvenna innan þess flokks í téðum bæ.

Fyrst nokkrar alkunnar almennar staðreyndir.

Konur eru allstaðar á landinu helmingur kjósenda. Við hverjar kosningar heita allir flokkar ákaft á kvenfólkið og biðja þær um að duga nú vel þessum og þessum flokkinum. Konum er skipað á listana, einni eða tveimur eða í hæsta lagi þremur. Þó aldrei nema einni í öruggt sæti, nema hjá Sjálfstæðismönnum, þar voru þær tvær við síðustu borgarstjórnarkosningar.

Konur eldri kynslóðarinnar gera sér skipan þessa að góðu. En þannig mun eigi lengi fram fara. Stóraukin almenn menntun kvenna, og umfram allt, sístækkandi hópur þeirra sem eru fjárhagslega sjálfstæðar, allt þetta gerir að verkum að konur munu taka æ meiri þátt í opinberum málum í næstu framtíð.

Sá stjórnmálaflokkur, sem er viðbúinn því að búa þessum helmingi kjósenda, konunum, þátttöku á raunhæfan hátt í flokksstarfi sínu, sá flokkur þekkir sinn vitjunartíma. Og slíkum flokki munu konur fylgja, þegar fylling tímans kemur. Undirrituð hefir hingað til litið á Sjálfst.fl. sem þann er líklegastur yrði allra íslenskra stjórnmálaflokka til þess að verða reiðubúinn viðtöku hinna vaknandi málefnakvenna nánustu framtíðar.

En með tilliti til fenginnar reynslu síðustu mánuði af starfi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði, þá leyfi ég mér, því er nú ver, að efast um að þessi flokkur sé sá sem konum muni best henta að styðja í framtíðinni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Og þá kemur hér að atburðafrásögn, sem ég bið yður vinsamlegast að lesa:

Fyrir 8 árum datt stjórnmálamönnum Hafnarfjarðar í hug að setja konur á lista sína fyrir bæjarstj. kosn.
Þó reyndist erfitt að finna konur í þetta, því að flokkarnir höfðu allir með tölu gersamlega vanrækt að ala upp, þó ekki væri nema eina konu á hæfilegum aldri sem kynni nokkur skil á störfum innan flokkanna viðvíkjandi bæjarmálum.

Sjálfstæðisfl. varð heppnastur, þótt ekki hefðu hafnfirskir Sjálfstm. haft forsjálnina fremur en hinir.

Kona heitir Elín Jósefsdóttir. Sjómannskona, þá tiltölulega nýflutt til Hafnarfjarðar. Þessa konu gripu nú Sjálfstæðismenn tveim höndum, drógu hana háfnandega út úr hennar eldhúsi og dubbuðu í skyndi til bæjarfulltrúa. Slembilukkan hagaði því svo til að þessi kona sýndi í því sæti óvenjulegan stjórnmálaáhuga, glöggan skilning á málefnum bæjarins og varð hinn skeleggasti ræðumaður á vegum flokksins.

Strax í upphafi virtist Elín gera sér ljóst hve gersamlega ókunnug hún var viðvíkjandi störfum í bæjarstjórn. Reyndi hún þá að leita sér upplýsingar hjá Páli Daníelssyni, en honum virtist lítt gefið um pólitískt kvennfólk, og neyddist Elín þá til að snúa sér til Stefáns Jónssonar.

Undirrituð var um þetta leyti líka sótt óforvarandi út úr eldhúsi frá 7 börnum til þess að styðja við bakið á Elínu sem önnur konan á lista Sjálfst.m. Þessvegna veit ég svo gerla um þessi mál.

Stefán Jónsson ræddi við mig um þátttöku kvenna í bæjarmálum, og þótti þær lítt hæfar til slíkra hluta.

Virtist Elín því vera illa sett, þar sem Eggert Ísaksson var þá mjög háður Stefáni.

En sem tímar liðu fram varð Stefáni ljóst að þessi óvelkomna kona í bæjarstjórninni var einmitt hinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ákjósanlegasti samstarfsmaður. Tók Stefán nú Elínu til rækilegrar læringar um öll bæjarmál og reyndist hún ágætur nemandi hið fyrra kjörtímabil sitt. Seinna kjörtímabilið varð hún fullgildur starfsmaður á vettvangi bæjarmála og hafði almenningur ekkert við Elínu að athuga, nema þá andstæðingar flokksins.

Nú sem leið að hinu þriðja kjörtímabili, þá lá í augum uppi að Elín Jósefsdóttir var langhæfust allra hafnfirskra kvenna til starfa í bæjarstjórn. Kvennfulltrúar hinna flokkanna voru þá löngu horfnar af sviðinu, enda minna í þær spunnið.

En nú tók að harðna á dalnum fyrir Stefáni Jónssyni. Þeir Matthías Á. Matthiesen og Árni Grétar Finnsson höfðu gert harða hríð að veldi hans og að lokum steypt undan honum flokksforystunni. Varð nú greinilegt hvert stefndi. Hinir yngri menn hugðust bola Stefáni til fulls út úr bæjarmálunum. Þó reyndist hann þeim öflugri en svo að ekki varð hægt að fella Stefán af listanum. Eggert Ísaksson lék tveim skjöldum, Páll Daníelsson vék sér frá, en Elín vildi launa Stefáni stjórnmálauppeldið og hélt hans taum gagnvart Matthíasi og Árna Grétari. Þetta viðhorf varð Elínu til falls.

Hófst nú upp hinn auðvirðilegasti áróður. Látið var berast út meðal manna að Elín hefði í hyggju að draga sig í hlé vegna vanheilsu. Þetta var hreinn uppspuni en samt trúað af mörgum.

Þegar leið að vori, fékk undirrituð einhvern pata af því að fella ætti Elínu. Vegna míns mannréttinda-viðhorfs vildi ég koma henni til einhverrar liðveislu. Á Vorboðafundi, hinum síðasta fyrir kosningar, fór ég fram á í ræðu að þetta eina Sjálfstæðiskvennfélag í bænum léði Elínu í té traust og viðurkenningu flokkskvenna fyrir vel og samviskusamlega unnin störf í þágu bæjar og flokks vors. Bað ég síðan fundarritara lesa upp tillögu mína um þetta efni.

IV

Formaður Vorboðans, Jakobína Matthiesen, bannaði þá ritaranum að lesa upp tillögu mína á þeim forsendum, að hér væru konur ekki komnar til þess að ræða um pólitík, heldur aðeins við að spila Framsóknarvist. Út af þessu varð nokkurt orðaskak milli formanns og undirritaðrar, sem lauk með því að ég gekk af fundi.
Vorboðakonur sátu eftir sem þrumu lostnar. Engin þeirra hafði komið til hugar að láta skoðun sína í ljósi um þetta mál með því að kveðja sér hljóðs. Það er ekki von, því að slíkt tíðkast ekki í þessu stjórnmálafélagi, enda hefir félagatalan staðið í stað síðastl. 20 ár–
Tillagan til virðingar Elínu Jósefsdóttur varð aldrei gerð heyrum kunn. Varð það til þess að Vorboðakonur fylltust ákafri forvitni og tóku nú að rumska. Þær hafa loksins áttað sig á að engin goðgá er að því að Sjálfstæðiskona hafi sjálfstæða skoðun í máli.
En þessi vakning Sjálfstæðiskvenna Hafnarfjarðar er ekki Sjálfstæðisflokknum í hag.
Betur hefði Elín Jósefsdóttir fengið þessa litlu viðurkenningu á umræddum fundi, því að reynslan hefir sýnt undanfarna daga, að flokksforystan í Hafnarfirði er einhuga um að sýna þessum fyrsta kvennfulltrúa Sjálfst. fl. í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þvílíkt tómlæti, sem kemur fyrir almenning sem útskúfun, refsing. Auðvitað vildu Sjálfst. m. í bæjarstj. Hafnarfj. margt hafa betur gert en þeim hefir tekist. En það bæti ekki fyrir mistök þeirra að gera þennan eina kvennfulltrúa að sektarlambi flokksins.
Flokksforystan í Reykjavík hefir annan háttinn á gagnvart Gróu Pétursdóttur, þeirri virðuglegu og mætu konu. Þessi staðreynd fer sannarlega ekki framhjá Sjálfstæðiskonum í Hafnarfirði. Vinnist þessar bæjarstj. kosningar Sjálfst. m. í hag, þá er það fyrst og fremst að þakka því trausti sem Sjálfst. fólk í Hafnarfirði ber til flokksforystunnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V

Nú hafa þeir Mattías og Árni Grétar tekið fram skikkanlega húsmóður og skáldkonu, Helgu Guðmundsd. og sett hana í hið vafasama fjórða sæti. Minnstur skaðinn verður að konunni, ef illa fer. Þá vitum við það, Sjálfstæðiskonur Hafnarfjarðar.
En þegar við göngum í kjörklefann á sunnudaginn, þá segjum við ekki, þótt maklegt væri: Launa skal ég þér nú, flokksforysta, kinnhestinn.
Heldur munu hinar hafnfirsku Sjálfstæðiskonur hefna af auði líknsemdar sinnar, eins og andinn ávallt hefnir, og veita stuðning Sjálfstæðisflokki sem er stjórnað af Bjarna Benediktssyni forsætisráðherra en líta vorkunnaraugum á afglöp ungra manna, sem skortir veraldarvit. En það vit taka menn ekki sjálfir, fremur en hvert annað vit.

En tapist þessar kosningar fyrir Sjálfstæðismönnum í Hafnarfirði, þá er það meðal annars vegna þess að sundrungaröfl hafa getað notað tækifærið, þar sem aldrei í manna minnum hefir verið minni einhugur, minni reisn yfir flokksforystunni í Hafnarfirði, en einmitt nú.

Hafnfirðingar hafa aldrei neinir höfðingjar verið. Þetta veit ég af því að ég er fædd og uppalin í þessum bæ. Eini höfðinginn, sem Hafnarfjörður hefir alið, er Emil Jónsson. En hann hefir nú ekki mótað Sjálfstæðisflokkinn í Hafnarfirði.

Það er aumt að vera Sjálfstæðiskona í Hafnarfirði í dag. Fyrst hin hraklega meðferð á Elínu Jósefsdóttur, og síðan sú framkoma sem Helgu Guðmundsdóttur er búin sem bæjarfulltrúa. Það gerir ekkert til, þótt hún mæti ekki til starfa nema endrum og eins, vegna síns stóra heimilis. Varamaður getur komið í staðinn. Konan er þeim ekkert annað en tákn sýndarmennskunnar.

# VI

Helga Guðmundsdóttir var gint inn í bæjarfulltr.sætið á þeim forsendum að Elín væri sjúk og hefði sagt af sér. Þetta voru hrein ósannindi.
Þetta sagði hún mér sjálf, þegar hún í öngum sínum taldi fyrir mér vanda sinn. Henni varð of seint ljóst að allt tal flokksforystunnar við hana um að konunni væru eiginlega engin störf ætluð í bæjarstjórn, gat ekki staðist.
Enda hefir afburðasamviskusemi og dugnaður Elínar um tvö kjörtímabil sannað bæjarbúum svo að ekki verður um villst, að kona starfar eins og karlmaður í bæjarstjórn, sé henni til þess trúað.
Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði telur enga nauðsyn á að fráfarandi stjórnmálafólki sé sýndur einhver sómi.
Þá er Heilög Kirkja vitrari en Sjálfstæðisflokkurinn.
Mætti flokkur sá margt annað ~~af~~ þeirri stofnun læra – annað en kjarnann úr stefnuskrá sinni. Þegar Heilög Kirkja hyggst losa sig við sína embættismenn, einhverra hluta vegna, þá eru þeir hækkaðir í tign með titlum og virðingarmerkjum, gerðir signorar, herraðir eða þá hæstfinbiskupar.
Getur ekki Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði lært að hafa hliðsjón af þessu fyrirkomulagi Kirkjunnar? Er ekki hægt að skylda formenn Sjálfstæðisflokksins, hvern á sínum stað, til þess að sýna fráfarandi stjórnmálafólki opinbera viðurkenningu flokksins, og nota áfram starfskrafta þessa litla hóps af þjálfuðu fólki í þágu flokksins?
Er engin bið til að skapa þá hefð að fráfarandi stjórnmálamönnum standi sem sjálfskylda opnar einhverskonar virðingarstöður í flokksstarfinu?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VII

Ég spyr þessa, vegna þeirrar staðreyndar að Elín hefir undanfarið verið rúin öllum þeim trúnaðarstöðum, sem flokksforystan getur að svo stöddu frá henni tekið.

Þetta eru ef til vill einfeldnislegar hugleiðingar, en undirrituð hefir ekki ennþá glatað þeim einfaldleika sem telur að vel skuli launa það sem vel er gert.

Þeir ungu menn, sem mestu ráða nú innan flokks vors í Hafnarfirði, munu duga sæmilega, ef þeir aðeins bera gæfu til að hlíta forsjá og leiðbeiningu yðar, formanns Sjálfstæðisflokksins á Íslandi. Menn halda að þeir geri þetta og vonandi nýtur Sjálfstæðisflokkurinn í Hafnarfirði þessa álits og gerir sigur sinn mikinn 22 maí.

Að svo mæltu bið ég yður taka þetta bréf sem trúnaðarmál, skrifað af gróinni hollustu við flokk vorn og í fullu trausti á viturlegri og öruggri stjórn yðar og forystu í málefnum Sjálfstæðisflokksins.

Gert á Uppstigningardag 1966.

Með mikilli virðingu

Sigurveig Guðmundsdóttir

Hverfisgötu 52 B

Hafnarfirði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur